

*Alþingi
Erindi nr. P 136/986
komudagur 2.3.2009*



**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 1.mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrirréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum (321. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur einkum í sér bráðarborgarheimild til úttektar á séreignarsparnaði.

Markmið þessa frumvarps, og annars sambærilegs frumvarps, er góðra gjalda vert en Viðskiptaráð telur afar mikilvægt að stíga varlega til jarðar í þessum eftir. Þannig telur ráðið að heimild til úttektar séreignarsparnaðar ætti eingöngu að vera til þrautarvara, þ.e. ef engin önnur úrræði standa einstaklingum til boða og líkur eru taldar á því að heimildin forði þeim undan gjaldþrofi.

Ein ástæða að baki þessari afstöðu ráðsins er sú að lífeyrissparnaður er lögvarinn og því meðal fárra eigna einstaklinga sem ekki er hægt að ganga á við gjaldþrot. Ef einstaklingur gengur þannig á lífeyrissparnað sinn, sem af einhverjum ástæðum dugar ekki til að forða honum frá gjaldþrofi, þá er hann í raun verr staddur en annars væri.

Önnur ástæða fyrir þessari afstöðu Viðskiptaráðs er að miklar úttektir á séreignarsparnaði gætu leitt til þess að bankar og lífeyrissjóðir þyrftu að seija eignir sem lífeyrissparnaður er bundinn í, t.a.m. ríkisskuldabréf, til að mæta þeim. Offramboð á slíkum eignum gæti leitt til þess að ávöxtunarkrafa hækkaði á markaði sem myndi skerða réttindi allra lífeyrisþega til skemmmri tíma. Útgreiðsla til eins sjóðsfélaga gæti því komið niður á réttindum annars, sem ekki kaus að nýta sér heimild þessa frumvarps. Slíkt væri með öllu ósanngjarn og markmiði lífeyrissparnaðar, þ.e. að draga úr tekjusamdrætti við starfslok og viðhalda þannig óbreyttu lífsmynstri, væri einnig stefnt í hættu. Jafnframt eru líkur til þess að möguleg áhrif sem þessi gætu hvatt sem flesta til að taka út sinn séreignarsparnað, þ.e. skapað einskonar hjarðhegðan, og þar með væri tilgangi frumvarpsins ekki náð. Að auki má ætla að stórfelldar úttektir gætu sett bankana í erfiðari stöðu hvað lánveitingar til fyrirtækja og einstaklinga varðar, sem stafar af því að hluti séreignarsparnaðar er á innlánsreikningum í bönkunum.

Hvað ofangreind sjónarmið varðar þá er að einhverju leyti komið til móts við áhyggjur þeim tengd með hámarksútgreiðslu og úttektardreifingu. Það skýtur hins vegar skökku við að ekki sé kveðið á um að vörsluaðili skuli ráðstafa úttekt til niðurgreiðslu skulda rétthafa líkt og gert er í þingmáli nr. 279, þó forgangsröðun niðurgreiðslu skv. því frumvarpi hafi verið röng. Frumvarpið gerir þvert á móti ráð fyrir að hluta úttektar sé varið til neyslu. Að mati Viðskiptaráðs er algerlega ótækt að réttindi þess sem tók ekki út sinn séreignarsparnað séu skert til að standa undir neyslu þess sem það gerði. Að auki er afar brýnt að hratt dragi úr verðbólgu svo unnt sé að lækka vexti sem allra fyrst. Lægri vextir eru ein grundvallarforsenda endurreisnar atvinnulífs og þar með bættu atvinnustigi og á endanum bættum hag ríkissjóðs. Hagkerfi í verðbólgufjörum þarf ekki á neyslu að halda.

Viðskiptaráð leggur til að kveðið verði á um að vörsluaðili skuli nota úttekt til niðurgreiðslu skulda rétthafa eftir því sem rétthafi ákveður.

Fjárhagsaðstæður margra eru afar bágbornar um þessar mundir og það er hlutverk ríkisins að leggja til úrbætur í þeim eftum. Hér stangast þó á ólík sjónarmið. Annars vegar sjónarmið um eignarrétt einstaklinga, sem verður að huga að þó einstaka þingmenn hafi að undanförnu lýst því yfir að sá réttur sé ofmetinn. Í honum felst að einstaklingar hafi ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum og veigamikil rök þurfa að vera til staðar til að takmarka þann rétt. Hitt sjónarmiðið er svo að úttekt eins hafi ekki þau áhrif að rýra réttindi annars. Hámarksúttekt, líkt og frumvarp betta kveður á um, er ein leið til að feta einhvern meðalveg á milli þessara sjónarmiða.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur til þess að því verði breytt til samræmis við ofangreint.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson

Lögræðingur Viðskiptaráðs